

Skipulagsfulltrúi Uppsveita  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnesi  
801 Selfoss

Reykjavík 5. mars 2018  
UST201801-127/K.S.J.  
10.04.02

**Efni:** Aðalskipulag - Reykholt í Þjórsárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita er barst 12. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2016. Breytingin felst í því að skilgreint er svæði fyrir verslun og þjónustu að Reykholti í Þjórsárdal.

**Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að byggja upp ferðaþjónustu í Reykholti í Þjórsárdal. Einnig kemur fram að stærð svæðis er alls 13 ha. Áætlað er að eldri mannvirkir verði fjarlægð og áform eru um að byggja upp baðstað ásamt gistiðstöðu með allt að 40 herbergjum.


**Breyting á uppdrætti**

Í greinargerð kemur fram að svæði fyrir verslun og þjónustu er merkt við gatnamót Þjórsárdalsvegar og aðkomuvegar að Reykholti alls 2 ha. Þar er fyrirhugað að byggja upp aðstöðu fyrir móttöku gesta sem sækja hótel- og baðstaðinn í Reykholti heim.

Umhverfisstofnun hefur fengið kynningu á þeim framkvæmdum sem áætlaðar eru á ofangreindu skipulagssvæði.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rakel S Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur